



Lekandi

Lekandi er kynsjúkdómur sem orsakast af bakteríu og smitast við óvarðar samfarir um leggöng, við endaparmsmök og munnmök. Lekandi er algengari hjá þeim sem skipta oft um kynlífsfélaga og meðal þeirra sem nota ekki smökk. Hægt er að smitast endurtekið af lekanda, þrátt fyrir að hafa fengið meðferð áður og læknað.

Einkenni

- Karlar fá flestir einkenni 2-8 dögum frá smiti. Algengustu einkenni eru bráð bólga í þvagrás með gulri eða grænni útfærð úr þvagrás og sviði eða óþægindi við þvaglát.
- Konur sem smitast af lekanda eru oft einkennalausar. Algengustu einkenni kvenna eru breytt eða aukin útfærð, verkir um neðanverðan kvið, milliblæðingar og óþægindi við þvaglát.
- Lekandasýking í endaparmi og hálsi er oftast einkennalaus.
- Alvarleg lekandasýking er sjaldgæf en getur valdið húðútbrotum, hita, hjartabolsbólgu, liðverkjum, bráðum liðbólgu eða sinaskeiðabólgu.

Fylgikvillar

- Helstu fylgikvillar lekandasýkingar hjá körlum eru eistnalyppu- og eistnabólga eða bólga í blöðruhálskirtli.
- Helstu fylgikvillar lekandasýkingar hjá konum eru bólga í eggjaleiðurum og eggjastokkum sem getur valdið varanlegum skemmdum.
- Barn getur smitast við fæðingu um sýktan fæðingarveg og bakterían getur borist í augu þess og valdið skaða.

Greining

Þegar skimað er fyrir lekanda er leitað að erfðaeftni bakteríunnar á sýkingarstað. Tekið er stroksýni frá leggöngum hjá konum en karlar skila þvagsýni. Þegar við á eru tekin stroksýni frá hálsi og endaparmi. Í flestum tilfellum er hægt að taka stroksýnið sjálfur en hægt er að fá aðstoð læknis eða hjúkrunarfræðings. Minnst ein klukkustund þarf að liða frá því pissað var síðast þar til hægt er að taka þvagsýni. Til að fá sem nákvæmasta niðurstöðu er skilað fyrstu 10-20 ml úr þvagnbunu, annað þvag fer í salernið. Einungis á að skila 10-20 ml af fyrstu þvagnbunu, því þannig fæst nákvæmasta niðurstaðan. Greiningarprófið er ónákvæmt ef það er blandað blóði og því er ekki hægt að taka sýni frá konu sem er á blæðingum. Við staðfesta sýkingu, sterkan grun eða greinileg einkenni lekanda er einnig tekið sýni frá sýkingarstað með bómullarpinna fyrir ræktun til að tryggja rétta sýklalyfjameðferð.

Meðferð

Lekandi er meðhöndlaður með sýklalyfjum. Oftast eru gefin lyfin ceftriaxone með sprautu í rassvöðva og azithromycin töflur sem teknar eru inn í eitt skipti. Mikilvægt er að borða 30-60 mínútum áður en mætt er á deild og töflurnar teknar til að koma í veg fyrir óþægindi í maga. Eftir lyfjagjöf í vöðva þarf að vera undir eftirliti á deildinni í 30 mínútur vegna hættu á ofnæmisviðbrögðum. Ef ofnæmi er fyrir ofangreindum sýklalyfjum eru gefin önnur lyf.

Best er að meðhöndla einstaklinga í föstu sambandi á sama tíma eftir sýnatöku og smitakningu.

Greining og meðferð er einstaklingi að kostnaðarlausu.

Smitakning kynlífsfélaga síðasta árs

Lekandi er tilkynningaskyldur sjúkdómur og samkvæmt lögum þarf að rekja smitið til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins. Sá sem greinist með lekanda þarf að gefa upplýsingar um þá sem hann hefur stundað kynlíf með síðustu 12 mánuði vegna þess að þeir gætu líka verið smitaðir. Þessar upplýsingar þurfa að liggja fyrir áður en meðferð er gefin. Gögn vegna smitakningar eru ekki hluti af sjúkraskrá og er þeim eytt að rakningu lokinni.

Allir sem skila sýnum á göngudeild húð- og kynsjúkdóma fá leiðbeiningar um smitakningu. Leiðbeiningar og smitakningarblað er að finna á heimasíðu [göngudeildar húð- og kynsjúkdóma](#).

Eftir meðferð

- Vegna smithættu er mælt til þess að stunda ekki kynlíf fyrr en í fyrsta lagi sjö dögum eftir meðferð.
- Endurkoma er þremur vikum eftir meðferð og þá er nýju strok- eða þvagsýni skilað til að tryggja að meðferð hafi borið árangur.

Aðferð til að minnka hættu á smiti

Notkun smokks við kynlíf dregur verulega úr hættu á smiti.

Upplýsingar og ráðgjöf

Hægt er að panta símaráðgjöf á göngudeild húð- og kynsjúkdóma um leið og óskað er eftir rannsóknnum í Landspítalaappinu eða í s. 543 6050. [Sjá frekari upplýsingar á heimasíðu deildarinnar](#).